

## Ályktun um Súðavíkurgöng

68. Fjórðungsþing Vestfirðinga, haldið í Bolungarvík 6-7 október 2023, ályktar að næstu göng á Vestfjörðum, verði Súðavíkurgöng.

Greinargerð

Súðavíkurlíð er augljós farartálmi og skapar mikið hættuástand á hverjum vetri. Slyshafa orðið á þessum vegi og það er tímaspursmál hvenær alvarlegt slys verður þar. Með göngum til Súðavíkur, er suðurleiðin um Djúp fær oftast en nú er, að því gefnu að vetrarþjónusta á Steingrímsfjarðarheiði verði eflid.

Fyrir utan öryggi íbúa og vegfaranda, eru miklir hagsmunir fólgnir í því að klára þessi göng, því uppbygging fiskeldis og aukin flutningur eldisafurða, sem og annars varnings, mun þá geta treyst á suðurleiðina um Djúp.

Flutningsmenn: Sveitarstjórn Strandabyggðar